



Fundur háskólaráðs 24. febrúar 2005

Fundargerð

Málsnúmer: HI05010007

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundir, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir

Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 21.02.2005

Dags: 24.02.2005

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4000; 525 4300

Fax: 552 1331

03/2005

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2005, fimmtudaginn 24. febrúar var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Rögnvaldur Ólafsson, Vilhjálmur Árnason, Heiðís Halla Bjarnadóttir (varam. Bryndísar Harðard.), Eiríkur Tómasson, Anna Pála Sverrisdóttir, Matthías Imsland, Jón Ó. Skarphéðinsson og Jóhannes R. Sveinsson.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Fundargerð 15. háskólafundar 12. nóvember 2004.
- 1.2 Mál frá 16. háskólafundi 18. febrúar 2005.
- 1.3 Sjálfsmatsskýrsla H.Í. vegna úttekta EUA.
- 1.4 Ársreikningur RHnets 2004.
- 1.5 Verklagsreglur frá starfsmannasviði: viðbrögð við misnotkun á áfengi og vímuefnum.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Nám í geislafræði og lífeindafræði í læknadeild. Staða mála varðandi skipulag 1. námsárs, inntöku nemenda háskólaárið 2005-2006 og gróft skipulag námsins í heild.
 - Rektor gerði grein fyrir málinu.
- 2.2 Tillaga frá raunvísindadeild um breytingu á 117. gr. reglna H.Í. nr. 458/2000, sbr. bréf deildarforseta 9. febrúar sl.
 - Þórður Kristinsson gerði grein fyrir málinu.
- 2.3 Drög að reglum um heiðursmerki Háskóla Íslands, sbr. umræðu ráðsins 27. janúar sl.
 - Rektor gerði grein fyrir málinu. Jón Ólafur Skarphéðinsson, Matthías Imsland, Inga Jóna Þórðardóttir og Anna Pála Sverrisdóttir vinna áfram að málinu fyrir háskólaráð. Magnús Diðrik Baldursson vinnur með hópnum.
- 2.4 Fjárlagatillögur Háskóla Íslands fyrir árið 2006. Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega.
 - Samþykkt einróma að fela rektor að ganga frá bréfi til menntamálaráðherra með

fjárlagatillögum Háskóla Íslands fyrir árið 2006.

- 2.5 Fyrir fundinn lágu drög að svörum Háskóla Íslands við spurningum nefndar um endurskoðun reglna nr. 646/1999, um fjárveitingar til háskóla skv. 20 gr. laga nr. 136/1997. Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt. Guðmundi R. Jónssyni og Ingjalði Hannibaldssyni var falið að ganga frá málinu.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Tillaga að verklagsreglum um skrásetningargjald, sbr. síðasta fund. Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.
- Samþykkt samhljóða.
- 3.2 Aðhald með inntöku stúdenta, skráningum o.fl. háskólaárið 2005-2006, sbr. síðasta fund. Rektor kynnti málið og var það rætt.
- Samþykkt samhljóða.
- 3.3 Drög að reglum um stofnun um sjálfbæra þróun og vettvang þverfaglegra rannsókna, sbr. síðasta fund. Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.
- Frestað.
- 3.4 Drög að reglum um skipan þverfaglegs meistaranáms í umhverfis- og auðlindafræðum og drög að samningi deilda, sbr. síðasta fund. Rektor og Eiríkur Tómasson gerðu rækilega grein fyrir málinu. Málið var rætt ítarlega og svöruðu rektor og Eiríkur framkomnum spurningum og athugasemdum.
- Framlagðar reglur um skipan þverfaglegs meistaranáms í umhverfis- og auðlindafræðum samþykktar einróma. Einnig samþykkti háskólaráð með 7 atkvæðum og einu mótatkvæði að leggja fram þróunarfé til námsins út samningstímabilið í samræmi við 6. gr. samningsdraganna, fjórar milljónir króna fyrsta ár samningstímans og síðan þrjár milljónir kr. á ári, samtals 10 milljónir króna. Þróunarfé skal nota til að greiða umsýslu- og kynningarkostnað svo og kostnað við nýtt tímabundið kennarastarf í umhverfis- og auðlindafræðum sem auglýst verði eigi síðar en í júlí 2005.
- 3.5 Fjárveiting til stofnana og verkefna, sbr. síðasta fund. [Sjávarútvegsstofnun, Umhverfisstofnun, Siðfræðistofnun, Alþjóðamálastofnun, Rannsóknastofa um mannlegt atferli].
- Frestað.
- 3.6 Tillaga starfshóps háskólaráðs um þjónusturannsóknir, sbr. síðasta fund, [vegna afgreiðslu tveggja tengdra tillagna Lagastofnunar H.Í.]. Rektor gerði grein fyrir málinu og það rætt.
- Samþykkt samhljóða.
- 3.7 Umsögn starfshóps rektors sem skipaður var á fundi ráðsins 9. desember sl. til að fara yfir málefni Sáttmálasjóðs, sbr. fund ráðsins 27. janúar sl.
- Frestað.
- 3.8 Erindi læknadeildar um tímabundna ráðningu án auglýsingar, dags. 1. febrúar sl., sbr. síðasta fund. Fram lagt minnisblað um málið. Rektor gerði grein fyrir málinu.
- Samþykkt einróma.

3.9 Kynning á niðurstöðum könnunar um gildi og gagnsemi menntunar við Háskóla Íslands.
- Frestað.

Fleira var ekki gert.
Fundir slitið kl. 15.00.